



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Erindisbréf Atvinnu- og samgöngunefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### I. Kafli - Almenn ákvæði

#### *1. grein - Um málefni nefndarinnar*

Atvinnu- og samgöngunefnd er skipuð af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er henni ætlað að vinna að atvinnu- og samgöngumálum í sveitarfélaginu. Nefndin skal starfa eftir erindisbréfi þessu sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, sem og samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnýslulaga nr. 37/1993. Nefndin starfar að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur henni.

#### *2. grein - Um skipan nefndarmanna*

Atvinnu- og samgöngunefnd er skipuð fimm aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

#### *3. grein - Hlutverk nefndarinnar*

Atvinnu- og samgöngunefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, nema nefndinni hafi áður verið falið fullnaðarafgreiðsla einstakra mála. Hlutverk Atvinnu- og samgöngunefndar er að fara með málefni sem varða annars vegar atvinnumál og hinsvegar samgöngu- og umferðarmál.

#### *4. grein - Markmið nefndarinnar*

Markmið með starfi Atvinnu- og samgöngunefndar er að styrkja og efla þá málaflokka sem undir hana heyra fyrir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ennfremur skal nefndin leitast við að ná því grundvallar-markmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins, sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni, að setja ávallt almenningshagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## II. Kafli - Verkefni

### 5. grein - Um helstu verkefni

Helstu nefndarinnar er snúa að atvinnumálum eru eftirfarandi:

- Vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í atvinnumálum.
- Fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er eiga við starfssvið nefndarinnar.
- Gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði á sviði atvinnamála.
- Afla tiltækra upplýsinga, meðal annars í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu varða um ástand atvinnamála, aðstæður og byggðaðróun.
- Samstarf við atvinnuþróun SASS eftir því sem við á.
- Efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með starfi að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Standa fyrir almennum fundum amk einu sinni á ári og annarri kynningu um atvinnumál.
- Fylgjast með atvinnuhorfum og vinna ásamt sveitarstjórn gegn atvinnuleysi.
- Vinna að atvinnumálastefnu fyrir sveitarfélagið með sveitarstjórn.

Helstu hlutverk nefndarinnar er snúa að samgöngumálum:

- Hlúa að umferð og umferðaröryggi í sveitarfélaginu, eins og fyrir er mælt í umferðarlögum.
- Vinna að bættu skipulagi umferðar og samgangna í sveitarfélaginu.
- Gera tillögur til sveitarstjórnar um hvaðeina sem verða má til bættra samgangna og til aukins öryggis og hagræðingar fyrir vegfarendur.

## III. Kafli Fundir og starfshættir

### 6. grein - Boðun funda

Formaður nefndarinnar boðar til funda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári og skal formaður stjórna fundunum.

Boðað skal til funda ef einn eða fleiri nefndarmenn óska eftir því enda tilgreini þeir fundarefni. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðaðir með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Og skal þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins annast boðun funda nefndarinnar í samráði við nefndarformann. Komi upp þær aðstæður að mál þarfnist skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri, svo framarlega að enginn af nefndarmönnum andmæli því.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefndin hefur heimild til að boða á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins eða öðrum aðilum, telji hún að þess gerist þörf.

### 7. grein - Réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi Atvinnu- og samgöngunefndar, nema lögmæt forföll liggi fyrir.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál sem kunna að verða rædd á fundum hennar, fyrirmælum formanns og leynt eiga að fara samkvæmt lögum. Þagnarskylda fellur ekki niður þó nefndarfulltrúi láti af stöfum í sem slíkur.

Á nefndinni hvílir upplýsingaskylda til þeirra er mál varða og skal formaður greina málsaðilum frá úrslitum mála, en ekki aðrir nefndarmenn.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 49. grein samþykkt Skeiða- og Gnúpverjahrepps um stjórn og fundarsköp nr 758 frá 2013.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

### *8. grein - Ályktunarhæfi*

Atvinnu- og samgöngunefnd getur ekki gert ályktun nema meirihluti hennar sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Nefndarmaður getur ekki fjallað um mál er varða hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo mjög að ætla megi að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af og skal hann í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni sbr. 47. og 48 grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### *9. grein - Fundargerð*

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í Atvinnu- og samgöngunefnd og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir prentað eintak fundargerðarinnar. Rita skal í fundargerðarbók dagsetningu fundar og fjölda blaðsíðna rafrænnar fundargerðar. Fundarmenn skulu rita nöfn sín í viðkomandi bók sem geymd er á tryggum stað.

Með fundargerð fer að öðru leyti samkvæmt 48. grein sveitarstjórnarlaga og 2. málsgrein 33. greinar samþykkt Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022.

Fundargerðarbók, aftri af skýrslum og skjölum, reglugerðir og erindisbréf Atvinnu- og samgöngunefnd skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða til samþykktar að loknum hverjum fundi. Nefndarmenn skulu einnig fá afrit af fundargerðum hennar. Sveitarstjórn sér til þess að fundargerðir nefndarinnar séu birtar á heimsíðu sveitarfélagsins.

### *10. grein - Meðferð mála*

Atvinnu- og samgöngunefnd skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem henni berast. Skal þar fjallað um þau og gera tillögur til afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins sbr. 3 grein þessa erindisbréfs. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins.

## **IV. Kafli - Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna**

### *11. grein - Réttindi og skyldur*

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps 415 frá 2022. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### *12. grein - Hæfi nefndarmanna*

Um hæfi nefndarmanna í Atvinnu- og samgöngunefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um hæfi annarra sem sitja fundi Atvinnu- og samgöngunefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### *13. grein - Fundarsókn*

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Atvinnu- og samgöngunefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns svo hægt verði að boða varamann hans á fund.

### *14. grein - Þagnarskylda*

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

## **V. Kafli - Málsmeðferðarreglur nefndarinnar**

### *15. grein - Málsmeðferð*

Við meðferð mála hjá Atvinnu- og samgöngunefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### *16. grein - Jafnræði og meðalhóf*

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir Atvinnu- og samgöngunefnd áður en tekin er ákvörðun enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

### *17. grein - Upplýsingaskylda*

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

### *18. grein - Ákvarðanir og leiðbeiningar*

Ákvörðun Atvinnu- og samgöngunefndar skal tilkynnt aðila máls skriflega. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kær- og endurupptöku–heimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

## **VI. Kafli - Endurupptaka máls**

### *19. grein - Endurupptaka*

Eftir að nefndin hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## VII. Kafli - Stjórnsýslukæra

### *20. grein - Stjórnsýslukæra*

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun Atvinnu- og samgöngunefndar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellða úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## VIII. Kafli - Gildistaka

### *11. grein - Gildistaka*

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022, tekur gildi við samþykkt þess af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Með samþykkt erindisbréf þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 17.08.2022

Samþykkt á fundi Atvinnu- og samgöngunefndar xx. xxxx xxxx.